

Alþingi
Erindi nr. P 125/1365
komudagur 30.3.2000

Svör Verðbréfaþingis við tveimur spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur um lífeyrissjóði (260. mál):

Spurning 1. Hver er afstaða VÞÍ til þess að víkka út heimild til fjárfestinga í óskráðum bréfum á þann veg að hún nái einnig til erlendra verðbréfa?

Svar:

Verðbréfaþing styður þessa tillögu og telur ekki ástæðu til að gera greinarmun á innlendum og erlendum verðbréfum í þessu sambandi, svo fremi að þau uppfylli önnur skilyrði sem sett hafa verið.

Verðbréfaþing telur hins vegar að ekki eigi að hækka hlutfallið frá núverandi 10%. Þingið telur að þeir aðilar sem hafa blotið leyfi stjórnvalda til að safna fjármunum almennings og ávaxta þá (s.s. lífeyrissjóðir, tryggingafélög, verðbréfasjóðir, bankar o.s.frv.) eigi að mestu leyti að halda sig við fjárfestingar sem lúta skilyrðum um upplýsingagjöf, sýnileika viðskipta og verðmyndunar o.s.frv. Neytendaverndin sem stjórnvöld styðja við með margvíslegu regluverki veikist ef stofnanafjárfestunum sem hér um ræðir er heimilað að leggja fjármuni almennings í ríkum mæli í bréf sem ekki uppfylla fyrrnefnd skilyrði. Þó ber að hafa í huga að nauðsynlegt er að veita slíkum aðilum eitthvert svigrúm til fjárfestinga í óskráðum bréfum, annars yrði verulega þrengt að vaxtarbroddum og nýsköpun.

Spurning 2. Hvaða mat má leggja á gengisáhættu lífeyrissjóðanna ef þeim er heimilað að fjárfesta allt 50% af hreinni eign í erlendum gjaldmiðli? Einnig er beðið um rökstutt svar VÞÍ við því hvort þingið myndi mæla með því að auka enn þá heimild t.d. í allt að 60% eins og lífeyrissjóðirnir fara fram á?

Svar:

Gengisáhætta er í sjálfu sér ekki frábrugðin öðrum tegundum áhættu sem fylgja fjárfestingum að því leyti að unnt er að verjast henni að miklu leyti með dreifingu fjárfestinga milli gjaldmiðla eða með afleiðusamningum. Raunar má benda á að íslenskum fjárfestum standa yfirleitt mun betri áhættuvarnir til boða á sviði gjaldmiðlaáhættu en á öðrum sviðum.

Verðbréfaþing styður því tillögur um rýmkun og telur ekki ástæðu til að setja þröngar skorður í þessum efnum. Það sé almennt séð heppilegra að gera strangar kröfur um hæfni, vinnubrögð og ábyrgð þeirra sem stjórna fjárfestingunum og að gefa þeim jafnframt verulegt svigrúm til athafna.

Stefan Halldorsson
Framkvæmdastjóri